



6. stjórnarfundur LH

15. apríl 2019 kl. 15:00 Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson fomaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Ágúst Hafsteinsson, Eggert Classen og Stefán Logi Haraldsson úr aðalstjórn og Siguroddur Pétursson, Lilja Björk Reynisdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn **Fjarverandi:** Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn. Þrír af stjórnarmönnum voru með á fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Formaður setti fund og fól Stefáni Loga Haraldssyni fundarstjórn

2. Samþykktir fundargerða

Fundargerð 5. stjórnarfundar samþykkt.

3. Ársreikningur 2018 til kynningar

Farið var yfir ársreikning og honum vísað til skoðunarmanna. Einnig var óskað eftir að landsliðsnefnd skili inn fjárhagsstöðu og áætlun fyrir landsliðsverkefningin.

4. Farið yfir stöðu tillagna af landsþingi

Farið var yfir stöðu á tillögum sem lagðar voru fyrir landsþing. Flestar tillögur eru í vinnslu og framkvædarstjóra falið koma öðrum tillögum í viðeigandi nefndir. Ákveðið var að skrifa frétt þar sem tilkynnt er hvaða reglum var breytt í lögum og reglum LH á síðsta landsþingi.

5. Prentun á Lögum og reglum LH

Stjórn samþykkir að prenta aðeins út lög og reglur LH eftir pöntunum.

6. Fundur formanna Norðurlandanna

Formaður sagði frá fundi með formönnum Norðurlandanna, þar var meðal annars rætt um vinnu sem hefur verið unnin í að formgera Noðurðurlandamótið og drög að því eru tilbúin og verða kynnt fyrir stjórn. Formenn Norðurlandanna sýna Sportfeng áhuga.

7. Sportfengur – gjald fyrir námskeið og þá aðila sem ekki eru í hestamannafélagi

Stjórn samþykkir að leita eftir því við samstarfsaðila Sportfengs að breyta gjaldsskrá sem verði til jafns fyrir alla aðila.

8. Íslandsmót

Skrifstofu falið að fá punkta frá þeim sem hafa haldið Íslandsmót. Lesa saman við lög og



reglur og koma með drög að handbók varðandi Íslandsmót. Drögin fari til yfirlustrar hjá mannvirkjanefnd og keppnisnefnd.

9. Alþjóðlegur dagur íslenska hestsins 1. maí

Framkvæmdastjóri kynnti undirbúning og samstarf LH við HOI varðandi 1.maí alþjóðlegan dag íslenska hestsins. Einnig var ákveðið að senda litabók LH á leikskóla ásamt linkum á myndefni með hestum og hestamennsku og texta sem hægt er að lesa í samverustund með nemendum að tilefni alþjóðlegum degi íslenska hestsins 1. maí.

10. Vinnuhelgi stjórnar

Samþykkt var að færa vinnuhelgi stjórnar frá 12.- 13.október til lok nóvember/byrjun desember og halda aðra vinnuhelgi í mars apríl 2020.

11. Staða á verkefnum í nefndum LH

Farið var yfir stöðu verkefna í nefndum.

12. Valnefnd – greinargerð

Stjórn tekur vel í þær hugmyndir sem lagðar voru fyrir. ÓP og SM munu leggja fyrir stjórn vinnureglur fyrir valnefnd á næsta fundi. Framkomnar tillögur verða hafðar til grundvallar og umræður á stjórnarfundi.

13. Ósk meistaradeildar um að hafa fulltrúa í starfshópi um gæðingafimi

Samþykkt að bæta við fulltrúa frá Meistaradeild Cintamani inn í nefndina. Framkvæmdarstjóra falið hafa samband við framkvæmdarstjóra meistaradeildar.

14. Umsókn um styrk frá æskulýðsnefnd Geysis

Stjórn LH samþykkir að veita æskulýðsnefnd Geysis 70.000 kr. í styrk fyrir Æskulýðssýningu Geysis 1. maí.

15. Umsókn um styrk frá Skagfirðingi vegna Æskan og hesturinn á Sauðárkróki

Stjórn LH samþykkir að veita hestamannafélaginu Skagfirðingi 70.000 kr. í styrk fyrir sýninguna Æskan og hesturinn á Sauðárkróki 1. maí.

16. Tillaga frá sérsamböndum um þjóðarleikvang á íþróttaping ÍSÍ

Stjórn LH samþykkti að vera flutningsaðili að tillögu fyrir ÍSÍ þing ásamt BLÍ, DSÍ, FSÍ, HSÍ, ÍF, JSÍ, KLÍ, KKÍ, SÍL, ÍSS, SSÍ um þjóðarleikvang og aðstöðu landsliðsfólks Íslands. Sjá fylgiskjal.



17. Uppskeruhátíð hestamanna

Skrifstofu falið að kanna verð á Hótel Sögu í samstarfi við Félag Hrossabænda.

18. Önnur mál

- **Sumarstarfsmaður á skrifstofu LH**
Framkvæmdarstjóra falið að ganga frá samningi við Vilfríði Fannberg Sæþórsdóttur um sumarstarf í allt að fjóra mánuði.
- **Boðsbréf til stjórnar frá Æskulýðsnefnd Geysis**
Stjórn þakkar boðið, fulltrúar stjórnar verða á staðnum.
- **Bref frá Hinriki Þór Sigurðssyni til stjórnar LH**
Bréfinu vísað til menntanefndar.
- **Skógarhólar**
Samþykkt að hefja framkvæmdir á Skógarhólum samkvæmt tillögu að framkvæmdum.

Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 19:00

Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir

Reykjavík 15. apríl 2019